

Vélsmiðja Orms og Víglundar ehf.
b.t. Ólafs Ormssonar
Óseyrarbraut 31, Hafnarfirði

28. ágúst 2026, Reykjavík
UOS-7087/E.S.F.

Áform um veitingu bráðabirgðaheimildar – Vélsmiðja Orms og Víglundar ehf.

Vísað er til erindis Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., kt. 480998-2789, til Umhverfis- og orkustofnunar þann 20. ágúst 2026, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild til niðurrifs á minni flotkví fyrirtækisins (skipanúmer 2260), sem byggð var árið 1947, á meðan unnið er að útgáfu starfsleyfis, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Fram kemur í erindinu að til standi að færa minni flotkví fyrirtækisins úr Suðurrhöfninni, inn á lóð fyrirtækisins á Óseyrarbraut 31 í Hafnarfirði. Þar standi til að klippa flotkvína niður og í framhaldinu selja hana í brotajárn. Engin mengandi efni séu um borð í flotkvínni. Hún sé mestmegnis byggð úr stáli en annað efni sem falli til sé timbur, rafmagnsleiðslur o.þ.h. Flotkvíin hafi ekki verið notuð síðastliðin tvö ár og eru taldar töluverðar líkur á að hún sökkvi, ef ekki verður brugðist við áður en veturinn skellur á. Ef hún sökkvi til botns margfaldist umfang vandans og því sé afar brýnt að koma henni á þurrt land hið fyrsta. Ráðgert er að rjúfa sjóvarnargarðinn vestan megin við Óseyrarbraut og grafa skurð til að fleyta flotkvínni inn á lóðina í stórstraumsflóði. Þegar flotkvíin er komin á lóðina verður garðinum lokað á nýjan leik og hafist handa við að klippa hana niður. Það megi búast við því að verkið taki innan við eitt ár eftir að flotkvíin er komin á lóðina og að kappkostað verði að vinna verkið á sem hraðastan og öruggastan hátt. Bráðabirgðaheimildin yrði nýtt til þess að koma flotkvínni upp á land, klippa hana niður og skipa brotajárninu af landi brott.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfis- og orkustofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þegar lagt er mat á hvað heyrir til sérstakra undantekningartilvika, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 ber að líta til þeirra hagsmuna sem til staðar eru hverju sinni. Fyrir liggur að flotkvíin er um 10.000 tonn að þyngd og ástand hennar er orðið slæmt. Talin er hætta á því að hún sökkvi verði hún látin liggja áfram í sjó yfir komandi vetur. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar er því brýn þörf á að hefja nauðsynlegar

aðgerðir við að koma flotkvínni upp á land eins fljótt og auðið er áður en veður og aðstæður yfir vetrartímann auka hættu á að hún sökkvi.

Við matið var jafnframt litið til þeirra afleiðinga sem það gæti haft ef flotkvíin sekkur. Það getur gert síðari aðgerðir við fjarlægingu flotkvíarinnar umfangsmeiri, tæknilega erfiðari og áhættusamari, auk þess sem það gæti haft neikvæð áhrif á aðstæður í höfninni, t.a.m. valdið erfiðleikum við siglingar á innsta hafnarsvæðinu við Hvaleyrarbakka. Með því að koma flotkvínni upp á land meðan þess er enn kostur er unnt að standa að niðurrifi hennar við viðeigandi aðstæður og draga úr mögulega neikvæðum umhverfisáhrifum. Fram kemur í erindinu að engin mengandi efni séu í flotkvínni. Stofnunin hefur þó sett ákvæði í áformin sem miða að því að koma í veg fyrir mögulega mengun sem gæti stafað af niðurrifi flotkvíarinnar.

Með hliðsjón af ástandi flotkvíarinnar, umfangi hennar, þeirri hættu sem talin er á að hún sökkvi yfir komandi vetur og þeim afleiðingum sem það gæti haft telur Umhverfis- og orkustofnun að ekki sé forsvaranlegt að bíða með upphaf framkvæmdarinnar þar til útgáfu starfsleyfis er lokið. Stofnunin telur að um sérstakt undantekningartilvik sé að ræða og að brýn þörf sé á að hefja starfsemina í skilningi 1. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998.

Í ljósi framangreinds, þess að fram er komin fullnægjandi umsókn um starfsleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar frá Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, áformar Umhverfis- og orkustofnun að veita Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., kt. 480998-2789, bráðabirgðaheimild til niðurrifs á minni flotkví fyrirtækisins (skipanúmer 2260) sem gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en ár frá útgáfudegi.

Áformað er að bráðabirgðaheimildin verði bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Framkvæmdin skal vera á ábyrgð Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf.
2. Rekstraraðili skal vinna verkið í samráði við hafnaryfirvöld í Hafnarfirði.
3. Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, þar á meðal má nefna ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þær kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
4. Rekstraraðili skal skila inn til Umhverfis- og orkustofnunar til samþykktar endurvinnsluáætlun, sbr. 64. gr. a laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 3. gr. reglugerðar nr. 777/2019 um endurvinnslu skipa, áður en endurvinnslan hefst. Endurvinnslan skal fara fram í samræmi við samþykktu endurvinnsluáætlun.
5. Rekstraraðili skal hafa ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun staðfestingu á tryggingunni áður en framkvæmdin hefst. Tryggingin skal vera í gildi allan þann tíma sem starfsemin fer fram.

6. Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004.
7. Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila Umhverfis- og orkustofnunar og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum vegna starfseminnar og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.
8. Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og sýna ýrtruðu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
9. Takmarka skal aðgang óviðkomandi að vinnusvæði þannig að almenningi stafi ekki hættu af starfseminni.
10. Starfsfólk skal vera þjálfað í viðbrögðum við mengunaróhöppum og notkun viðeigandi mengunarvarna- og öryggisbúnaðar.
11. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á staðnum.
12. Meðferð og geymsla olíu, olíuúrgangs og annarra mengandi efna skal vera þannig að komið sé í veg fyrir að efnin berist út í umhverfið. Fylgja skal ákvæðum laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
13. Skyld er að haga starfseminni þannig að sem mest dragi úr hávaða og ónæði. Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.
14. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir fok á föstu efni og haga starfseminni þannig að hún valdi ekki óþægindum vegna rykmengunar eða annars ónæðis.
15. Meðhöndlun frárennslis frá starfseminni skal vera með þeim hætti að mengandi efni berist ekki í viðtaka. Fráveita og hreinsun skólps skal eftir því sem við á vera í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns séu uppfyllt.
16. Viðeigandi mengunarvarnarbúnaður skal vera til staðar á framkvæmdasvæðinu til að koma í veg fyrir að olía, málningarleifar eða önnur mengandi efni berist út í umhverfið. Þar sem talin er hættu á leka eða losun slíkra efna skal undirlag vera vökvahelt. Ísogsbúnaður og/eða ísogsefni skulu vera til staðar til hreinsunar vegna minniháttar leka eða óhappa.
17. Starfsemin má ekki leiða til rýrnunar vatnsgæða eða valda því að ástand nærliggjandi vatnshlota hraki, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.
18. Meðferð úrgangs og spilliefna skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim þ.á m. reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang, eftir því sem við á og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

19. Úrgangur sem fellur til við niðurrifið skal flokkaður eftir tegund og geymdur með tryggjum hætti á framkvæmdasvæðinu þar til hann er fluttur þaðan, þannig að komið sé í veg fyrir að hann berist út í umhverfið.
20. Úrgangur sem fellur til við niðurrifið skal fluttur reglulega af framkvæmdasvæðinu til endurnýtingar, endurvinnslu eða annarrar viðeigandi meðhöndlunar.
21. Úrgangi skal komið til aðila sem hafa heimild til móttöku og meðhöndlunar viðkomandi úrgangs. Rekstraraðili skal halda skrá yfir tegund, magn og móttökuaðila úrgangs og varðveita staðfestingar á móttöku hans.
22. Rekstraraðili skal innan fjögurra vikna frá verklokum taka saman lokaskýrslu þar sem fram koma m.a. fram upplýsingar um framkvæmdina, tegund, magn og ráðstöfun efnis og úrgangs sem féll til við niðurrifið, móttökuaðila eftir því sem við á, kvartanir, viðbrögð og mótvægisáðgerðir, tímaramma framkvæmdar og frágang framkvæmdasvæðis.
23. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um verklok. Stofnuninni er heimilt að framkvæma lokaúttekt á framkvæmdasvæðinu og gera kröfu um frekari hreinsun eða frágang ef þörf er á.
24. Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.
25. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er og veita upplýsingar um eðli og umfang óhappsins, mögulegar afleiðingar þess fyrir umhverfið og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til.
26. Verði óhapp sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 Neyðarlínuna.
27. Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Umhverfis- og orkustofnun fer með mengunarvarnaeftirlit með starfseminni skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber rekstraraðila að fylgja fyrirmælum stofnunarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir starfseminnar. Umhverfis- og orkustofnun getur beitt úrræðum skv. XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar.